

Eiríkur Rögnvaldsson

Að búa til málfræðinga

Ég kalla mig málfræðing og er stoltur af því. Þetta gæti ég þó ekki gert nema af því að mér skolaði inn í tíma hjá Höskuldi Þráinssyni fyrir réttum 37 árum, í lok janúar 1979. Það var þó 10 árum áður, sumarið 1969, sem ég komst að því að maður sem bæri þetta fræga nafn væri til í alvörunni en ekki bara í Íslandssögu Hriflu-Jónasar. Þá þýddi hann sænskan framhaldspátt fyrir börn og unglinga sem var sýndur í sjónvarpinu og hét Villirvalli í Suðurhöfum – skemmtilegur páttur, minnir mig. Nokkrum árum seinna fór ég svo að heyra stöku sinnum af Höskuldi hjá Steinþóri bróður hans sem var mér samtíða bæði í menntaskóla og íslenskunámi og nefndi stundum þennan stóra bróður sinn sem væri í doktorsnámi í málvísindum í Bandaríkjunum.

Við félagar Steinþórs vorum eitthvað að spyrja hann út í við hvað bróðirinn fengist í þessu námi og réðum það helst af þeim upplýsingum sem við fengum að hann væri að skrifa doktorsritgerð um sagnirnar *vera* og *verða* – sem ég uppgötvaði reyndar síðar að væri líklega frekar ónákvæm efnislýsing. Þetta þótti mér heldur fáfengilegt viðfangsefni enda hallaðist ég enn að bókmenntum á þessum tíma. En vegna kunningskapar við Steinþór vildi svo til að ég varð eitt af tilraunadýrum Höskuldar í skynjunartilraun sem hann gerði í tengslum við doktorsrannsóknina – og sagt er frá í kafla 6.2.3 í ritgerðinni – einhvern tíma á árunum 1977 eða 1978. Tilraunin fór fram í málveri Heimspekideildar í kjallara Aragötu 14 og þar hitti ég Höskuld sem sagt fyrst.

Haustið 1978 var ég farinn að gerast fráhverfur bókmenntafræði af ýmsum orsökum og sat í námskeiðinu *Æfingar í málfræði* hjá Helga Guðmundssyni. Einhvern tíma þegar fór að líða á misserið nefndi Helgi að nú væri Halldór Halldórsson prófessor að fara í leyfi um áramótin og Höskuldur þessi Þráinsson ætti að kenna fyrir hann á kandídatstigi á vormisseri. Helgi hvatti mig til að prófa að fara í tíma til Höskuldar og benti mér á að lesa grein eftir hann, *On the phonology of Icelandic preaspiration*, sem þá var nýkomin út í *Nordic Journal of Linguistics*. Helgi var að vísu ekki að öllu leyti sáttur við greinina ef ég man rétt, en taldi samt að höfundur væri efnilegur.

Ég fór niður á Landsbókasafn, fékk ritið og barðist í gegnum greinina og skildi svo sem ekki allt, enda voru þetta fyrstu kynni mín af generatífri fónólógíu. En allavega dugði þetta ekki til að gera mig fráhverfan málfræði eða Höskuldi, og þegar hann kom til starfa í janúarlök 1979 frétti hann einhvern veginn að ég hefði sýnt því áhuga að koma í námskeið hjá honum – hvort ég var einhvers staðar skráður man ég ekki, en námskeiðaskráningar voru óformlegri í þá daga. Einn daginn fann ég miða á borðinu mínu á lesstofu málfræðinema á þriðju hæð í Árnagarði. Á honum stóð:

Sæll, Eiríkur!
Mér er sagt, at þú hafir hug á að sækja tíma á kandidatsstigi hjá mér (ég heiti Höskuldur Þráinsson). Við þurfum að hafa samband og ræða, hvað það yrði helst og hvenær. Ef ég næ ekki í þig, geturðu reynt að hringja í mig í síma 73614.
Hösk.

Sæll, Eiríkur!

Mér er sagt að þú hafir hug á að sækja tíma á kandidatsstigi hjá mér (ég heiti Höskuldur Þráinsson). Við þurfum að hafa samband og ræða, hvað það yrði helst og hvenær. Ef ég næ ekki í þig, geturðu reynt að hringja í mig í síma 73614.

Hösk.

Nú man ég ekki hvernig við náðum saman en allavega settist ég þarna um vorið 1979 í tvö kandidatsnámskeið hjá Höskuldi, þótt ég væri enn á BA-stigi í almennri bókmenntafræði. Þetta voru *Íslensk hljóðfræði* og *Merkingarfræði*. Ef ég man rétt var bara einn tími á viku í hvoru námskeiði vegna þess að þannig hafði Halldór haft það og Höskuldur gekk bara inn í það form. Við komumst þess vegna ekki mjög langt þetta misserið og bæði námskeiðin héldu áfram næsta haust og þann vetur allan og lauk ekki fyrr en um vorið 1980. Þetta voru ágæt námskeið sem ég lærði mikið á, og endaði með að skrifa langar lokaritgerðir í þeim báðum.

En það var samt fyrst í inngangsnámskeiði í setningafræði í almennum málvísindum vorið 1980 sem Höskuldur komst almennilega á heimavöll. Ég hafði áður tekið námskeið um generatífa setningafræði á BA-stigi í íslenskunni og fundist það kvöl og pína. En þetta var eitthvað allt annað. Þarna fengu nemendur að kynnst kennsluáferðum sem komu flestum þeirra spáskt fyrir sjónir, held ég. Nýbreytnin kom strax fram í orðalagi á dreifiblaði sem nemendur fengu í hendur í fyrsta tíma, en þar var tilgangur námskeiðsins sagður tvíþættur:

Í fyrsta lagi að búa nemendur undir að geta lesið og metið setningafræðileg rit og greinar af gagnrýni, jafnvel þótt fræðileg tíska kunni að breytast. Í öðru lagi er námskeiðinu ætlað að búa nemendur undir að vinna sjálfir að setningafræðilegum verkefnum.

Það er erfitt að átta sig á því núna hversu mikil nýjung þetta var fyrir 36 árum, bæði fyrir nemendur sem voru nýskriðnir úr framhaldsskóla og líka fyrir þá sem höfðu lokið BA-námi í íslensku og voru komnir á kandídatstigi, eins og við Magnús Snædal og Kjartan heitinn Ottósson. Við vorum von því að lesa bækur og greinar og tileinka okkur – misvel auðvitað – það sem aðrir höfðu sagt um viðfangsefnið. En að við ættum sjálf að hafa einhverja skoðun á því – og m.a.s. rökstyðja hana – kom okkur flestum í opna skjöldu, held ég.

Um kennsluáðferð og námsmat sagði á dreifiblaði í fyrsta tíma:

Til þess að ná þeim tilgangi sem áður var lýst verður mest áhersla lögð á stuttar æfingar og verkefni sem nemendur vinna heima. Ekki verða gefnar einkunnir fyrir þessi verkefni en þau verða leiðrétt.

Í fyrsta verkefninu var tekið fram að

nemendum er ekki aðeins leyfilegt að vinna saman að verkefnum og ræða þau sín í milli heldur er beinlínis mælt með því. Þó er skilyrði að hver skili sínu blaði.

Þarna kemur skýrt fram að verkefnin voru ekki áðferð til að finna einhverja tölu sem væri hægt að hengja um hálsinn á nemendum og kalla einkunn. Þau verkefni sem ég hafði gert áður í háskólanámi mínu höfðu flest þann tilgang að athuga hvort nemandinn hefði tileinkað sér það sem hann átti að vera búinn að læra í tímum og af lesefninu, en þessi verkefni voru allt annars eðlis. Þau voru mikilvægur hluti kennslunnar – í raun sá mikilvægasti. Þótt tímarnir í þessu námskeiði væru firna skemmtilegir og fróðlegir eru það samt verkefnin sem eru minnisstæðust, og sú frábæra samvinna sem nemendur höfðu við lausn þeirra.

Í verkefnunum hafði Höskuldur oft þann hátt á að leiða fram þá kumpána Ara og Bjarna, sem voru „þekktir málfræðingar og sérfræðingar í hríslugerðarlist“, eins og segir í einu verkefninu, og héldu fram hvor sinni kenningu um eitthvert tiltekið setningafræðilegt atriði en kunnu engin ráð til að úrskurða í deilunni. Í einu verkefninu segir t.d.:

En þótt Ari og Bjarni hafi býsna ákveðnar skoðanir um hríslugerð og liðgerðarreglur kunna þeir ekkert fyrir sér í setningafræðilegri röksemdafærslu. Verkefni þitt er því að athuga hvort eftirfarandi setningar (og fleiri af svipaðri gerð) geta hjálpað til að skera úr um það hvor þeirra féлага er á réttri leið.

(Þetta er býsna brýnt mál því að eins og að líkum lætur eru Ari og Bjarni komnir í hár saman og hættir að talast við út af þessu.)

Í þessum verkefnum var Höskuldur einkar laginn við að láta nemendum finnast að þeir væru sjálfir að uppgötva stórmerkilegar nýjungar. Þar bar hæst þá „uppgötvun“ mína og annarra í námskeiðinu að *sem* og *er* væru ekki tilvísunarfornöfn eins og við höfðum öll lært hjá Birni Guðfinnssyni, heldur samtengingar. Það lét Höskuldur okkur uppgötva með því að setja fyrst fram nokkrar augljósar staðreyndir og síðan fá-einar setningar og láta okkur svo skoða þetta í samhengi. Niðurstaða mín eftir þá skoðun var þessi – sem Höskuldur var auðvitað fyrir löngu búinn að komast að þótt hann segði okkur ekki frá því:

Orðið *sem* er ekki tilvísunarfornafn í íslensku. Tæpast er rétt að segja að það **vísi til** eins eða neins, heldur er það notað sem hver önnur samtenging; til að tengja ákveðna gerð setninga við aðalsetninguna. Því legg ég til, að *sem* verði flokkað með samtengingum (hvort sem það verður kallað tilvísunartenging eða eitthvað annað) og hætt verði að telja íslenskum skólabörnum trú um að það sé fornafn.

Reyndar munu þess dæmi enn, 35 árum eftir að Höskuldur birti grein sína um þetta efni í *Íslensku máli*, að skólabörnum sé talin trú um að *sem* og *er* séu tilvísunarfornöfn – en það er önnur saga. Ég skrifaði einu sinni að sjaldan hefði heimsmynd mín orðið fyrir þyngra höggi en þegar ég var látinn gera þessa uppgötvun, og ekkert hefði kennt mér meira um gagnrýna hugsun. Í gagnfræðaskóla var ég mjög sjóaður í því að finna fall tilvísunarfornafna, sem ekki var á allra færi, en þarna reyndist sú kunnátta allt í einu óþörf, gagnslaus – og raunar hlægileg. Þessi uppgötvun, eða öllu heldur það að það skyldi vera hægt að gera hana á þennan hátt, breytti lífi mínu – þetta námskeið bjó mig til sem málfræðing.

Svona fór Höskuldur að því að búa til málfræðinga. Og hann bjó til ansi marga þetta vor, og þessi fyrstu ár sín í kennslu – og auðvitað alla tíð síðan, þótt hlutfallið af nemendahópnum hafi sennilega aldrei verið jafnhátt og á þessum tíma. Ég man eftir einum 15 háskólakennurum og sérfræðingum á háskólastofnunum úr hópi nemenda Höskuldur árin 1980 til 1982. Kannski gleymi ég einhverjum, og svo eru þónokkrir til viðbótar úr þessum hópi í ýmiss konar málfræðilegum störfum utan akademíunnar. Vitanlega var Höskuldur ekki einn að verki – það var frábært kennaralið í málfræðinni þessi árin. Og auðvitað hefðu mörg okkar orðið málfræðingar þótt Höskuldur hefði ekki komið til kennslu – þó sennilega ekki ég.

Til að búa til málfræðinga og kennara þarf hugsjónamenn, sem geta vakið áhuga nemenda á viðfangsefninu og kennt þeim að glíma við það á sjálfstæðan hátt. Einn slíkur hugsjónamaður var í hópi nýstúdenta í Háskólanum sem svöruðu spurningunni „Hvað

réði vali þínu?“ í *Stúdentablaðinu* fyrir tæpum 50 árum, 1. desember 1966. Hann sagði:

Ég hef [...] svo lengi verið ákveðinn í að fara í íslenzkunám, að ég hef ekki nýlega brotið heilann um það, *hvers vegna* mig langaði til þess. Ég hef miklu fremur velt vöngum yfir því, *hvers vegna* ekki langaði alla aðra til þess. Íslenzka hefur ætíð verið meðal minna eftirlætisnámsgreina, og ég hef fengið meiri áhuga og ást á henni með hverju ári um langa hríð, enda alltaf haft mjög skemmtilega kennara í þeirri grein. Ég get því ekki útskýrt þessa ákvörðun mína öðru vísi en á þessa leið:

Mig langar til að *læra* íslenzku, *grúska* í íslenzku, *kenna* íslenzku og að *allir tali* íslenzku á Íslandi.

Við þetta er engu að bæta – þetta er hugarfarið sem þarf til að búa til málfræðinga. Þakka ykkur fyrir áheyrnina, og til hamingju Höskuldur og við öll!